

Námskrá leikskóla LFA



Efnisyfirlit

Saga LFA.....	1
Inngangur	2
Aðalnámskrá leikskóla	3
Hugsjón leikskóla LFA.....	5
Fræðilegur grundvöllur	6
Áherslur í skólastarfinu.....	7
Lífsgildin	7
Forvarnarverkefnið Blær	8
Lýðræði	9
Skilvirkt málstarf	10
Leikurinn, sjálfsprottinn, umhverfið og efniviðurinn	11
Grunnpættir menntunar	13
Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	13
Læsi og samskipti.....	14
Sjálfbærni og vísindi	15
Heilbrigði og velferð.....	16
Lýðræði og jafnrétti.....	17
Barnasáttmálinn og mannréttindi.....	17
Sköpun og menning.....	18
Fullgildi og inngilding	19
Menning og samstarf við nærumhverfi.....	20
Sérkennsla.....	20
Samstarf við grunnskóla og frístund	20
Mat.....	21
Innra mat	21
Mat á þroska og vellíðan	22
Ytra mat.....	22

Foreldrasamstarf	23
Foreldrafundir	23
Foreldraviðtöl.....	23
Foreldraráð	23
Foreldrafélag	23
Mannauður og forystusýn	24
Lög og reglugerð.....	24
Stoðkennsla.....	25
Lokaorð	26
Umsögn foreldraráðs.....	27
Heimildir.....	28

-- Korpukot // 522 8800 --

-- Bakkakot // 522 8809 --

-- Skólastjóri // Kristín Björk --

-- Aðstoðarskólastjóri // Katrín María --

-- Aðstoðarskólastjóri // Nína Berglind --

-- www.lfa.is --


-- Ábyrgðarmaður // Kristín Björk --

-- Útgáfa // 2026 --

Saga LFA

LFA ehf. rekur leikskóla á tveimur starfsstöðvum í Grafarvogi, það eru Korpukot sem opnað var 19. nóvember 2001 og Bakkakot sem opnað var 27. nóvember 2023. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn frá 12 mánaða, eða frá því að fæðingarorlofi foreldra/forsjáaraðila lýkur og fram að skólaskyldualdri sem hefst við grunnskóla. Einkunnarorð leikskóla LFA eru: það er leikur að læra. Þau eru byggð á því að börnin læri í gegnum leik og störf og að í leik barna eigi sér stað mikið og merkilegt nám í formi rannsókna og reynslu. Leiðarljós okkar er að skila til þjóðfélagsins námsfúsum og lífsglöðum börnum með jákvætt viðhorf til samfélagsins. Börnum með sterka sjálfsmynd og heilbrigða siðferðiskennd. Börnum sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og samfélaginu. Stór og rúmgóður hreyfisalur er staðsettur í Korpukoti auk þess eru leikskólarnir báðir staðsettir í fjölbreyttu náttúrulegu umhverfi ýmist í holti eða við fjöru sem gefur góð tækifæri til fjölbreyttrar útikennslu.

LFA ehf. eru aðilar að Samtökum sjálfstæðra skóla.



Menning leikskólans einkennist af hlýju, hæglæti og faglegri umhyggju þar sem óskin er að foreldra og börn finni sig velkomin í leikskólann og að þau finni að vellíðan þeirra sé í fyrirrúmi. Leikskólinn leggur áherslu á samstarf heimilis og skóla með fjölbreyttum leiðum og leggur sig fram við að bjóða foreldrum bjargir. Eins er hvatt til þessa samstarf sem árlegum Lestrarsprett Lubba þar sem áhersla er lögð á að rækta gæðastundir foreldra og barna og um leið hvetja til lesturs. Þá er ætíð haldin hátíðleg fjölmeningarvika í febrúar til að fagna öllum þeim þjóðernum sem í leikskólanum eru.

Inngangur

Uppeldi og menntun eru meðal mikilvægustu verkefna hvers samfélags. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Orðið menntun er hér notað í víðri merkingu, þ.e. uppeldi, umönnun, nám og kennsla.

Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla sem stjórnvöld setja (lög um leikskóla nr. 90/2008), reglugerð með þeim og Aðalnámskrá leikskóla. Á grunni aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá þar sem lögð er áhersla á sérstöðu, menningu og starfshætti viðkomandi skóla. Skólanámskrá þessi er endurbætt útgáfa með tilliti til nýrrar aðalnámskrár sem gefin var út 1. september 2023.

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir einnig á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði. Þau sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir m.a. til kenninga og rita ýmissa heimspekinga og uppeldisfrömuða. Skólanámskrá þessi er m.a. byggð á framangreindu. Að auki er árlega gefin út starfsáætlun með það að markmiði að gera skólaþróun leikskólans markvissari, auka gagnsæi og sýna fram á að innra mat sé umbótamiðað. Skólanámskrá LFA er lifandi þáttur í skólastarfinu öllu. Hún er í stöðugri þróun og sífelldu endurmati.

Deildarstjórar komu að gerð endurskoðunar, lokavinna var í höndum stjórnendateymis og leikskólastjóri er ábyrgðaraðili. Leitast var við að raddir barnanna fengi hljómgrunn í námskránni og hlustað var eftir skoðunum þeirra á viðfangsefnum í daglegu starf með rýni í skráningar á áhuga barnanna, lýðræðiskosningum, samtölum og þátttöku í viðburðum. Auk þess las foreldraráð leikskólans yfir námskrána og gaf umsögn sem finna má aftast. Í þessari vinnu lögðust því öll, sem koma að leikskólanum á einhvern hátt, á eitt um að skapa gott, hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi.

Skólanámskrá þessi á að veita öllum hagsmunaaðilum leikskólans upplýsingar um starfsemina.

Aðalnámskrá leikskóla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leikskóla. Hún er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega er hún byggð á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf. Aðalnámskráin er ígildi reglugerðar og í henni er kveðið á um hlutverk leikskóla. Aðalnámskrá leikskóla er einnig ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna, auk þess að tryggja jafnrétti allra barna þar að lútandi (Lög um leikskóla, 2008).

Í leikskólastarfi fléttast saman hugtökin leikur og nám. Börn í leikskóla læra fyrst og fremst í leik



og daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Líkamleg og andleg umönnun er forsenda þess að börn öðlist öryggiskennd og geti dafnað og lært af umhverfi sínu. Börn þurfa að njóta sín sem einstaklingar, en jafnframt að læra að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskóla á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, efla sjálfstæði þeirra og fúmkvæði, virkni, áhuga og gleði.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna. Þ.e.a.s. að efla mikilvægustu þroskapætti sem samtvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félags hæfni, fegurðarskyn og sköpunarhæfni, siðgæði og lífsviðhorf.

Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

 Viltu víta meira?

Hugsjón LFA



Hugsjón leikskóla LFA

Leikskólinn er fyrsti skóli barnsins og fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Í leikskóla fer fram uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Orðið menntun er notað í víðri merkingu, þ.e. uppeldi, umönnun, nám og kennsla. Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla, reglugerð með þeim og aðalnámskrá leikskóla sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út. Skipulag leikskólans er sveigjanlegt til að skapa flæði fyrir börn og kennara til þess að grípa þær hugmyndir og þau tækifæri sem upp koma yfir daginn svo hægt sé að vinna með og þróa áfram. Þá er leitast við að í námsumhverfinu sé börnunum mætt á þeirra eigin forsendum þar sem þau fá rými og tíma til sjálfsefningar og öðlist þannig trú að eigin getu, þrautsegu og sjálfsaga. Leikskóli LFA leggur sig fram við að skapa börnunum aðstæður til að styrkja félagsfærni og heilbrigði.

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé megin náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að ung börn læra og þroskast best í leik. Leikurinn er hornsteinn leikskóla-starfsins og er jafnframt helsta kennsluáðferð leikskólakennarans. Leikskólauppeldi er annars konar uppeldi en það sem foreldrar veita og mikil viðbót við það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppelendur barna sinna og bera jafnframt megin ábyrgð á uppeldi þeirra.



Fræðilegur grundvöllur

John Dewey (1859–1952) var einn áhrifamesti heimspekingur og menntunarfræðingur Bandaríkjanna á fyrri hluta 20. aldar og hafði víðtæk áhrif, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Hugmyndir hans eiga þó enn erindi í heimspeki og menntunarfræði. Dewey lagði áherslu á að virkja athafnapörf og áhuga barnsins, þar sem nám byggist á persónulegri reynslu þess. Hann taldi mikilvægt að tengja skóla og samfélag og leit á skóla sem samfélag í smækkaðri mynd.

Áhugasvið barnsins skipti Dewey í fjóra þætti sem eru samræður og samvera, rannsóknir og uppgötvanir, framkvæmd og sköpun og að lokum listræn tjáning

Hann taldi leikinn nauðsynlegan til þroska og skapandi hugsunar og lagði áherslu á heildrænt nám sem byggist á reynslu, tilraunum og samvinnu. Umhverfi barna þarf þess vegna að vera örvandi, vel skipulagt og hvetjandi. Kennarinn ætti að vera leiðbeinandi sem hvetur til sjálfstæðrar hugsunar og gefur mistökum rými. Dewey taldi lýðræði byggt á félagslegri samvinnu og vildi að skólar veittu börnum tækifæri til að upplifa lýðræði í verki (Jóhanna Einarsdóttir, 2008:122).



Korpukot



Bakkakot

Áherslur í skólastarfinu

Markmið leikskóla LFA er að búa börnunum sem hann sækja hvetjandi, nærandi og öruggt umhverfi til að efla þroska sinn og færni á eigin forsendum. Þetta umhverfi er skapað með fjölbreyttu námsefni sem styður við alhliða þroska barna í leik og starfi.

Lífsgildin

Lífsgildi leikskóla LFA eru *vinátta*, *virðing*, *hjálpsemi*, *kurteis* og *samkennd* og móta þau framkomu allra. Hvert lífsgildi er ræktað í tvo mánuði í senn og eru þau táknuð með laufblaði á lífsgildablómi. Í lok skólaárs eru öll lífsgildi sýnileg, líkt og blóm sem hefur vaxið og dafnað.

Nýtt lífsgildi er kynnt í söngstund og er tengt lögum og hugtökum sem nemendur vinna með. Í samverustundum ræða nemendur hvað hvert lífsgildi þýðir og lífsgildin eru einnig samþætt öllu námi. Blær opnar hvert lífsgildi í tengslum við Vináttuverkefn Barnaheilla. Á ungbarnadeildum er unnið með lífsgildin í daglegum samskiptum í samræmi við þroska barnanna. Eftir því sem börnin eldast nýta þau lífsgildin í félagsleg samskipti og daglegt líf.

[Viltu vita meira?](#)



Forvarnarverkefnið Blær

Vináttuverkefni Barnaheilla um bangsann Blæ er hluti af fjölbreyttu starfi leikskólans. Með Blæ er hægt að kenna leiðir að heilbrigðum samskiptum, virðingu og góðri vináttu. Vináttuverkefni Barnaheilla samræmist vel við vinnu með lífsgildunum, Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og félagsfærni almennt. Foreldrafélögin styrkja verkefnið með kaupum á litlum Blæ-bangsa fyrir hvert og eitt barn. Blær fagnar afmælisdegi sínum í leikskólanum þann 8. nóvember sem er baráttudagur gegn einelti.



Lýðræði

Lýðræði er grundvallaratriði í skólastarfi. Mikilvægt er að börn læri um lýðræðis-samfélög og upplifi virðingu fyrir eigin manngildi og beri um leið virðingu fyrir öðrum. Í leikskólanum fá börnin að hafa áhrif og skoðanir þeirra skipta máli. Með lýðræðisstundum, þar sem börnin velja efnivið og leysa ágreining sjálf, er stuðlað að sjálfstæði og frelsi. Á ungbarnadeildum er lýðræðismenntun veitt með stöðvavinnu þar sem börn velja leikstöðvar, félagsskap og lengd þátttöku og leikurinn þess vegna á þeirra forsendum.


Reglulegar kosningar á eldri deildum kenna börnum mikilvægi lýðræðislegra kosninga og sjálfstæðrar ákvörðunartöku. Börnin leggja fram hugmyndir, kjósa leynilega og taka þátt í framkvæmd. Þessi þátttaka er hugsuð til að auka áhuga þeirra á lýðræði og ákvörðunum í leikskólanum. Undanfarin misseri hefur áherslan á lýðræði í leikskólanum aukist með markvissri þátttöku barna í ákvörðunum og verkefnum.

Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði (Aðalnámskrá).

Skilvirkt málstarf

Í leikskólanum er lögð rík áhersla á málörvun og dýpkun orðaforða í daglegu starfi með lestri, söng, leik og þulum. Kennslufnið *Lubbi finnur málbein* er notað skipulega einu sinni í viku þar sem nemendur læra málhljóð með söng og þrívíðri nálgun sem tengir stafi og málhljóð. Lubbaefnið býður upp á fjölbreytta leiki sem efla hljóðavitund og undirbúa lestrarnám.

Á eldri deildum er unnið með málþroska og félagsfærni, m.a. með TRAS-vinnustundum einu sinni í viku. Þar er unnið með framburð, orðaforða, setningamyndun og félagsþroska í gegnum leik. Dagleg málörvun á sér einnig stað öllum stundum í leikskólanum; í fataklefanum, við mataborðið, í samverustundum og samtölum þar sem nemendur eru hvattir til að nota orð í stað bendinga.



Á síðasta ári leikskólagöngunnar er HLJÓM-2 lagt fyrir elstu börnin. Þessi skimun, í formi leikja, vinnur með rím, hljóðgreiningu og orðhluta. Markviss málörvun og snemmtæk íhlutun stuðla að betri málþroska, getur gefið vísebndingar um lestrarfærni og fyrirbyggt erfiðleika í námi.



Leikurinn, sjálfsprottinn, umhverfið og efniviðurinn

Sjálfsprottinn leikur er frábrugðinn öðru atferli þar sem hann er alfarið leiddur af börnunum sjálfum. Börnin ákveða hvort þau leika sér, hvar og hvenær leikurinn fer fram og um hvað hann snýst. Þau setja reglurnar, skipuleggja upphaf, framvindu og endi leiksins. Sjálfsprottinn leikur getur til dæmis verið hlutverkaleikur, byggingaleikur eða ærslaleikur, þar sem börnin þurfa að læra að setja mörk og virða mörk annarra. Í þess lags leik fá börn tækifæri til að prófa hugmyndir sínar, gera tilraunir og öðlast nýja sýn, skilning og þekkingu. Fjöldi námsþátta þroskast í gegnum leik, bæði vitrænir og skapandi. Leikur kallar jafnframt á fjölbreytta notkun tungumáls, líkamlegrar hreyfingar, félagslegra samskipta og myndun tilfinningatengsla (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Í leikskóla LFA er lögð áhersla á að búa börnum umhverfi þar sem þau hafa fjölbreytt tækifæri til sköpunar, þroska og leikja. Leikskólinn býður gott rými til hreyfileikja með stórum hreyfisal, rúmgóðum deildum og fjölbreyttu útileiksvæði þar sem náttúran er alltumlykjandi. Þá býr leikskólinn vel að opnum efnivið til bygginga- og hlutverkjaleikja en má þar nefna holukubba, einingakubba, búninga og fleira. Leikskólinn leggur sig fram við að rækta skapandi hugsun með barnahópnum með því að bjóða honum upp á skapandi leiki með aldurssvarandi áskorunum þar sem börn fá tækifæri til að eiga félagsleg samskipti, mynda tilfinningatengsl, öðlast nýja sýn og beita skapandi hugsun til lausnaleyta.



Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar (Aðalnámskrá leikskóla).

Grunnþættir menntunar



Grunnpættir menntunar

Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnpættir aðalnámskrár setja mark sitt á kennslu, leik, nám og skólastarfið í heild.

Aðalnámskrá er reist á sex grunnpáttum menntunar sem *eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, læri að vera hluti af samfélaginu og að vinna með öðrum. Grunnpættirnir snúast einnig um framtíðarsýn, getuna og viljann til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa. Hugmyndir að baki grunnpáttanna eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólans, samskiptum og skólabrag og þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu. Grunnpættir menntunar eiga að birtast í vinnubrögðum allra sem starfa í skólum og starfsumhverfi barna og ungmenna þar á að mótask af grunnpáttunum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Sambætt og skapandi leikskólastarf

Leikskólanám er sambætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik og eflir mikilvæga þroskapætti hjá börnum. Börn læra í gegnum leik í daglegu starfi innandyrna sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu.

Læsi og samskipti

Börn hafa mikla þörf fyrir félagssamskipti og tjá sig á margvíslegan hátt. Með því að nota bæði tungumálið og önnur tjáningarform, eins og hljóð, snertingu og leik. Félagsfærni og sjálfsmynd barna styrkjast í gegnum samskipti og leik.

Markmið leikskóla LFA er að efla alla þætti málþroskans. Þetta er gert með reglulegum lestri, spunasögum og markvissri málörvun í samverustundum. Börnin koma einnig með bækur að heiman og ræða um söguþráð, höfund og myndskreytingar. Í lok hverrar viku er sameiginleg söngstund þar sem einnig er rætt um lífsgildablómið.

Leikskólinn stuðlar að jöfnum tækifærum með samstarfi við foreldra og með markvissri málörvun. Tungumálið er lykill að boðskiptum og starfsfólk leitast við að vera góðar málfyrirmyndir. Læsi er í fyrirrúmi og ritmál er sýnilegt í umhverfi leikskólans. Í eldri hópum er unnið með stafainnlögn og -vitund auk málhljóðanna auk þess sem vettvangsferðir eru notaðar til að örva gagnrýna hugsun og spyrja opinna spurninga. Allt starfsfólk leikskólans vinnur að því að styðja við læsi barna á ólíkum stigum æskunnar.



Læsi og samskipti er í sífelldu mati meðal annars með rýningu í TRAS-skráningar, endurmat á þuluverkefni, í samverustundum og samtölum við starfsfólk og endurnýjan efniviðar.

Sjálfbærni og vísindi

Börn kanna og leitast við að skilja umhverfi sitt með því að horfa, hlusta, snerta og rannsaka. Þau læra í gagnvirkum samskiptum og byggja þekkingu sína á fenginni reynslu. Leikskólinn styður fróðleiksfýsn barna með því að fylgjast með, hlusta og kynna fyrir þeim nýjan efnivið og hugmyndir. Börn eru hvött til að spyrja spurninga og leita lausna, þar sem gagnrýnin hugsun og tengsl milli orsaka og afleiðinga eru styrkt. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi.



Skólaárinu er skipt í lotur tengdar náttúrunni og árstíðaskiptum. Börn skynja og uppgötva náttúruna af eigin raun og læra að njóta hennar. Við leggjum áherslu á að börn öðlist þekkingu á náttúru og umhverfi með vísindalegum aðferðum, rannsóknum og umræðum. Skólinn styður forvitni og vísindalega hugsun og hvetur börn til að uppgötva eiginleika hluta með tilraunum og leik.

Sjálfbærni og vísindi eru lifandi og í sífelldri þróun í samfélaginu. Þess vegna er mikilvægt að gæta vel að mati þessara þátta sem gert er með myndrænum skráningum og með því að rýna í áhugasvið barnanna með samtölum og vettvangsnótum.

Heilbrigði og velferð

Börn í leikskóla læra um heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing stuðlar að vellíðan, gleði og ánægju og er mikilvægt fyrir börn til að læra og þroskast. Börn fá tækifæri til frjálstrar og skipulagðrar hreyfingar sem hefur jákvæð áhrif á samskipti, umgengni við umhverfi og daglegt líf. Leikskólinn leggur áherslu á forvarnir og samstarfi við foreldra til að tryggja góðan árangur og jákvæðan skólabrag.

Börnin þvo sér fyrir máltíðir og eftir salernisferðir, þar sem hreinlæti er mikilvægt. Markmiðið er að börn geti hjálpað sér sjálf og skilji mikilvægi hreinlætis. Matseðlar eru unnir í samráði við næringarfræðing, miða að hollu mataræði með lágrí sykurneyslu og allur matur er eldaður á staðnum. Börnin taka þátt í að leggja á borð og skammta sér mat og drykk sjálf í samræmi við þroska hverju sinni.

Eftir hádegisverð er slökun eða hvíld þar sem börn fá næði til að sofa eða slappa af, með teppi eða öðrum öryggistáknum að heiman. Hreyfing er fjölbreytt og markviss og eykur líkamlega og andlega vellíðan. Börn læra um styrk, getu og sjálfstraust í hreyfileikjum sem þjálfra snerpu, þol og úthald. Leikskólinn hefur rúmgóðan hreyfisal og leggur áherslu á útiveru og vettvangsferðir sem stuðla að hreyfingu og þroska.

Mat á markmiðum LFA í heilbrigði og vellíðan fer fram með samtölum við börnin og rýningu í hegðun þeirra. Áhugi þeirra á heimsóknum í hreyfisal og útiveru er metinn auk þess sem matseðill leikskólans er í sífelldu endurmati byggðu matarlyst barnanna. Að auki hafa afmælibörn mánaðarins tækifæri til að hafa áhrif á matseðilinn.



Lýðræði og jafnrétti

Þarfir og áhugi barna móta bæði umhverfi og starf leikskólans. Börn læra í samstarfi við önnur, bæði börn og fullorðna með því að deila skoðunum, finna lausnir og miðla málum. Lögð er áhersla á að kenna börnum lýðræði, hlustun, virðingu, samvinnu og lausn ágreinings. Yngstu börnin læra lýðræði með stöðvavinnu þar sem þau stjórna sjálf með hverjum þau leika, hversu lengi og með hvaða efnivið.

Engar hindranir ættu að vera í vegi fyrir jafnrétti kynjanna í skólastarfinu. Börn eru hvött til að bera virðingu og umhyggju fyrir öðrum og þróa eiginleika eins og umburðarlyndi, samkennd og hjálpsemi. Kennarar fylgja jafnréttisáætlun LFA, sem er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Barnasáttmálinn og mannréttindi

Barnasáttmálinn er alþjóðlegur samningur um réttindi barna, staðfestur af 192 aðildarríkjum, þar á meðal Íslandi, árið 1992. Samningurinn viðurkennir að börn njóti sérstakra verndar og kveður á um að stjórnvöld, foreldrar og skólar skuli uppfylla réttindi barna. Börn eru hvött til að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á starf leikskólans. Kennarar eru meðvitaðir um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum og í skólanum er veggspjald með styttri útgáfu samningsins. Samkvæmt 29. grein skal menntun stuðla að þroska barna og undirbúa þau fyrir ábyrgt líf í frjálsu samfélagi.

Í umræðum um barnasáttmálann sem á sér stað í leikskólanum og starfi með börnunum er farið í ýmis ákvæði barnasáttmálans sem miðar að því að börnin eru meðvituð um um rétt sinn sem og skyldur í garð hvors annars og samfélagsins í heild.



Eldri kynslóðin ætti ekki að stjóra of miklu heldur gera sitt besta til að mæta nemendum í núinu; bera virðingu fyrir sögunni, efla með menntun dómgreind og ást ungs fólks á heiminum og treysta því fyrir mikilvægum verkefnum sem bráða þeirra í framtíðinni
(Arendt, 1954)

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvæg fyrir nám og þroska barna. Í skapandi starfi er áhersla lögð á ferlið sjálft, gleðina og tjáninguna þegar hugmyndir og tilfinningar fá að njóta sín. Umhverfi leikskólans miðar að því að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning og leikur eru samofin starfi leikskólans og kennarar hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða.

Í hópastarfi vinna börnin með ýmsan efnivið og njóta sköpunar í myndlist. Lögð er áhersla á gleðina við að skapa. Tónlist og leikræn tjáning eru einnig mikilvæg og börn læra söngva, takt, hrynjanda og á hljóðfæri. LFA leggur áherslu á að börnin kynnist samfélagi og menningu og upplífi íslenskar hefðir og hátíðir. Tvisvar á ári er haldin listavika þar sem börn aðstoða hvert annað við listsköpun og verkefnavinnu. Einu sinni á ári er haldin fjölmenningsvika þar sem leikskólinn fagnar öllum þeim þjóðernum sem sækja hann auk þess sem miðað er að því að halda þjóðhátíðardaga allra þjóða innan leikskólans hátíðlega.



Innan leikskóla LFA er rík áherlsa lögð á að sköpun felist ekki einugis í listsköpun heldur í skapandi hugsun sem felur í sér lausnaleit og gagnrýna hugsun.

Sköpun og menning er vítt hugtak og þess vegna mat á því fjölbreytt en það felst meðal annars í myndbandsupptökum, ljósmyndaskráningum, frásögnum barna og rýni á eigin starfsháttum.

Fullgildi og inngilding

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskóla eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái viðfangsefni sem hæfir aldri og þroska þess. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barna bindi þau vináttuböndum og í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir öll að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Leikskólastarf á að byggjast á hugarfari og starfsháttum sem stuðla að virðingu og jafnræði. Með slíku hugarfari er leitast við að jafna félagslegar og menningarlegar aðstæður barna og rækta með þeim vináttu og samkennd, þannig að öll börn geti tekið þátt og fundið gleði í leik.

Jafnframt er mikilvægt að starf leikskóla einkennist af inngildandi viðhorfum, þar sem fjölbreytileiki er virtur og honum fagnað. Slíkt viðhorf tryggir að öll börn fái jöfn tækifæri, óháð líkamlegri eða andlegri getu, kyni, kynhneigð, trú, uppruna, þjóðerni, félagslegri stöðu eða öðrum aðstæðum. Þegar leikskólastarf er byggt á þessum grunni eykst vellíðan barna og líkur á að þau upplifi að þau tilheyri leikskólasamfélaginu aukast. Þá finnst þeim að raddir þeirra skipti máli og að þau hafi sterkan tilverurétt. Þetta er jafnframt mikilvæg forvörn gegn einelti í leikskólum.



Í leikskólum landsins koma saman börn úr ólíkum menningarheimum. Leikskólinn á að vera vettvangur fjölmennningar þar sem þessi fjölbreytni er nýtt til að víkka sjóndeildarhring barnanna. Hann á að endurspeglar margbreytilega menningu og tryggja að hvert barn fái að upplifa að það tilheyri leikskólasamfélaginu á eigin forsendum.

*Starfshættir leikskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, ljóðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.
-Lög um leikskóla (2008)*

Menning og samstarf við nærumhverfi

Starfstöðvar LFA eru í nærumhverfi við fjölbreytta náttúru í holti, í nálægð við fjöruna og hafið og ánnu Korpu sem hlykkjast um í nánasta umhverfi við leikskólann. Náttúra sem þessi er heimili fjörugs dýralífs og felast æði mörg tækifæri til útikennslu í nærumhverfinu.

Sérkennsla

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á sérkennslumálum í leikskólanum, hans hlutverk er að leiðbeina kennurum og foreldrum og halda utan um þau börn sem einhverra hluta vegna þurfa sérstuðning. Hann skipuleggur teymisfundi ásamt foreldrum, kennurum og sérfræðingum. Einnig getur hann gert formlega athugun á þroska barnsins í skólanum með viðeigandi þroskaprófum eða matstækjum. Sú vinna er gerð með samþykki og í samvinnu við foreldra.

Ef grunur vaknar um einhver þroskafrávik hjá barni ber kennurum barnsins skylda til að bregðast við. Þetta á einnig við ef kennarar telja að félagslegar aðstæður barns hamli að einhverju leyti þroskamöguleikum þess.

Samstarf við grunnskóla og frístund

Þar sem annar leikskóli LFA, Korpukot er ekki hverfisleikskóli og búseta nemenda er dreifð um höfuðborgarsvæðið, er skipulagt samstarf við grunnskóla samvinnuverkefni leikskólans og foreldra. Stefnt er ávallt að því að vera í samstarfi við grunnskólana og fylgjast að í heimsóknir með leikskólum. Bakkakot er í íbúahverfi og gert er ráð fyrir samstarfi við grunnskóla hverfisins í náinni framtíð.

Leikskólinn boðar til skilafundar þegar barn hefur notið sérkennslu, einnig ef þess er sérstaklega óskað. Leikskólastjóri eða sérkennslustjóri sendir, með leyfi, foreldra/forráðamanna greinargóðar upplýsingar og önnur gögn sem talin eru nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar skólagöngu nemanda til viðkomandi grunnskóla í maí/júní ár hvert. Afrit af forsíðu HLJÓM-2 fylgir hverju barni yfir á næsta skólastig.

Mat

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem börn og kennarar leikskólans framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Leikskóli LFA hefur sett gert sér matsáætlun til fimm ára sem ætlað er að meta, bæta og endurmeta þætti leikskólastarfsins með tilliti til grunnþátta menntunar og menntastefnu Reykjavíkurborgar. Hins vegar er um að ræða mat sem framkvæmt er af utan að komandi aðila og kallast það ytra mat.

Innra mat

Sjálfsmat er ferli sem hjálpar til við að meta gæði menntunar og uppeldis í leikskólanum. Það miðar m.a. að því að fá fram vitneskju um það hvar við stöndum og gefur okkur tækifæri á að gera markvissar umbótaáætlun. Umbótaáætlun er unnin út frá niðurstöðum innra mats og birt í starfsáætlun á hverju ári. Allir hagsmunaaðilar í leikskólanum geta tekið þátt í matsferlinu. Mikilvægur þáttur í innra mati er álit og viðhorf barnanna sjálfra. Dæmi um leiðir til að fá börnin til að meta skólann sinn eru t.d. fundir, samtöl, ljósmyndir og skráning.



Skráningarnar eru meðal annars gerðar til að þróa nám barna í leik. Einstaklingsmiðað mat byggir á styrkleikum og færni hvers barns til að efla það og styrkja. Í einstaklingsmiðuðu mati er stuðst við TRAS-skimunarlistann, samtöl við foreldra, frásagnir barna og myndrænar skráningar. Hópmiðað mat er nýtt til að styrkja barnahóp eða stöðu einstakra barna í hópnum. Í hópamiðuðu mati er stuðst við ljósmyndir, myndbandsupptökur og skráningar starfsfólks.

Stjórnendateymi hittist einnig daglega til að leggja drög að deginum og þá um leið eru metnir hinir ýmsu þættir starfsins sem umræða er um hverju sinni eins og hvað sé gott og vel gert, hvað mætti betur fara o.þ.h.

Mat á þroska og vellíðan

Mat á þroska og vellíðan barna er stöðugt í gegnum leikskólagöngu hvers barns. Leikskóli LFA styðst við TRAS-skimun og hópastarf. Þá eru fylltur út þar til gerður skimunarlisti og skráningarblöð eftir hverja vinnustund til ígrundunar. Fastur liður í daglegu starfi er svokallað óformlegt mat, það fæst með því að hlusta eftir samtölum nemenda á milli sem og að eiga samtöl við starfsmenn, nemendur og foreldra þeirra. Mikilvægur þáttur í innra mati er álit og viðhorf barnanna sjálfra. Dæmi um leiðir sem nýttar eru til að fá þá til að meta skólann sinn eru t.d. fundir, samtöl, ljósmyndir, myndbandsupptökur og skráning.



Endurvinnslupema: Börnin fengu frjálsar hendur um efnivið og sköpun.
Myndræn og skrifleg skráning af ferli og afurð var gerð.

Ytra mat

Könnun á viðhorfi foreldra til leikskólastarfsins er send rafrænt frá SFS (Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur). Er hún þáttur í gæðamati LFA og er hagnýtt tæki fyrir stjórnendur og kennara til að meta innra starf og öðlast innsýn um væntingar foreldra til leikskólans.

Foreldrasamstarf

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er ókunnugt og því mikilvægt að staðið sé vel að öllu samstarfi í upphafi. Þáttur í því er að foreldrum nýrra barna er boðið á kynningarfund í lok maí eða byrjun júní ár hvert. Þar fá foreldrar allar helstu upplýsingar um starfið, ásamt því að hitta starfsfólk deildanna og aðra foreldra. Þá er einnig boðið upp á að foreldrar velji sér dag og tíma til aðlögunar. Með slíkum er markmiðið að lagður sé grunnur að góðu foreldrasamstarfi. Að auki er mikil áhersla lögð á gott foreldrasamstarf í gegnum dagleg samskipti.

Foreldrafundir

Kynningarfundur foreldra nýrra nemenda er haldinn í maí/júní ár hvert. Markmið fundarins er að hefja samstarf milli heimilis og leikskóla, leggja grunn að gagnkvæmum kynnum ásamt því að miðla helstu upplýsingum um starf leikskólans, ferli aðlögunar og spurningum frá foreldrum svarað. Að hausti er almennur foreldrafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt. Þar kynna deildarstjórar starf hvernar deildar fyrir sig auk þess að megin-áhersluatriðum leikskólans eru gerð góð skil. Á þeim fundi er einnig kosið í foreldraráð og foreldrafélag.



Foreldraviðtöl

Foreldrar eru boðaðir í samtöl einu sinni á hvorri önn. Í samtölum sem þessum er farið yfir almennan þroska og líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrum stendur ávallt til boða og eru þeir hvattir til að leita til leikskólans og fá slíkt samtal umfram þessi skipulögðu foreldrasamtöl.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans. Þau sem sitja í foreldraráði eru fulltrúar foreldra/forráðafólks í leikskólanum og hafa fyrir þá kosningarrétt. Auk þess hefur ráðið umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur það markmið að virkja samstarf heimilis og leikskóla með ýmsum viðburðum. Stjórn foreldrafélagsins einsetur sér að skipuleggja öflugt og gjöfult starf, þar sem öll geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Foreldrafélögin eru starfrækt fyrir hverja starfsstöð fyrir sig.

Mannauður og forystusýn

Í skólastarfinu er lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og sveigjanlegt skipulag sem ýtir undir hæglæti, afslappað andrúmsloft og aukna gleði. Góð samskipti eru grunnurinn að vellíðan á vinnustað og starfsánægju. Mikilvægt er að rödd allra heyrist og að starfafólk upplifi jafnvægi í samskiptum sín á milli til að stuðla að góðum samskiptum og jákvæðri vinnustaðamenningu. Við leggjum ríka áherslu á faglega umönnun og kennslu sem og farsælt foreldrasamstarf. Samfélagið sem við höfum skapað hér er gott og við leggjum okkur fram við að vera samheldinn hópur barna, foreldra og starfsfólks.

Lög og reglugerð

Samkvæmt meginmarkmiðum laga á leikskólinn að:

- Fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- Veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- Hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- Stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- Leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

(Lög um leikskóla nr. 90/2008)

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla tekur til ýmissa ákvæða er varða m.a.:

- Húsnæði, búnað og útileiksvæði
- Skipulag og hönnun
- Starfslið og barnafjölda
- Öryggismál og slysavarnir

(Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009)

Stoðkennsla

Börn með frávík í þroska fá sérkennslu og öllum börnum er mætt á þeirra eigin forendum. Börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og þurfa sértæk úrræði eiga rétt á aðstoð og þjálfun í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga. Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskóladvalarinnar til jafns við önnur börn og skapa aðstæður til að barnið þroskist sem best í daglegu starfi og einstaklingsþjálfun undir handleiðslu sérkennslustjóra og kennara.

Mikilvægt er að markviss íhlutun hefjist strax og grunur vaknar, að ekki sé beðið staðfestingar á þroskafráviki. Sérkennslustjóri kemur þar strax að málum í samvinnu við kennara barnsins. Í foreldraviðtali er leitað eftir samþykki og samstarfi við foreldra og rætt hvaða leiðir eru færar til að örva þroska barnsins. Leikskólinn er í samstarfi við þjónustumiðstöð hverfisins, Austurmiðstöð, og getur leitað eftir aðkomu ýmissa sérfræðinga sem þar starfa s.s. talmeinafræðings, hegðunarráðgjafa og sálfræðings. Viðkomandi sérfræðingur gerir þá formlega athugun á



þroskastöðu barnsins og notar til þess viðeigandi þroskapróf eða matstæki. Slíkt mat getur farið fram með þátttöku foreldra og kennurum barnsins. Foreldrar eru því næst upplýstir um niðurstöður athugana og vinna með barninu skilgreind nánar í samvinnu við foreldra og kennara. Þegar börn sem notið hafa sérkennslu færast yfir á næsta skólastig eru haldnir skilafundir með starfsfólki nýja skólans ásamt foreldrum þar sem farið er yfir stöðu barnsins.

Lokaorð

Í skólanum leggjum við áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og sveigjanlegt skipulag sem stuðlar að jafnvægi, hæglæti og afslöppuðu andrúmslofti sem við teljum leggja góðan grunn fyrir vellíðan. Það er einlægur vilji allra sem starfa hjá leikskóla LFA að standa ætíð með börnum, þeirra velferð og framtíð. Með faglegri umhyggju og hlýju að leiðarljósi viljum við búa börnunum sem hér eru fjölbreytt námsumhverfi með leikinn að leiðarljósi, þar sem rými er fyrir rannsóknir, reynslu og þekkingaröflun. Í þeirri von að hér blómstri börn sem bera virðingu fyrir sjálfum sér, náttúrunni og samfélaginu öllu. Börn sem öðlast trú á eigin getu sem við getum treyst að séu tilbúin að takast á við þær áskoranir sem framtíðin ber í skauti sér, sama hverjar þær megi vera.



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráði LFA var send skólanámskráin til umsagnar. Eftrifarandi umsögn barst leikskólastjóra þann 19.febrúar 2026

Skólanámskrá LFA er skýr, vel uppbyggð og aðgengileg. Textinn lýsir á faglegan hátt hvernig leikskólinn vinnur markvisst að málörvun, læsi og félagsþroska barna. Námskráin er vel uppsett og gerir lesendum auðvelt að átta sig á starfinu og leita sér frekari upplýsinga.

Áhersla er lögð á sjálfstæði barna, þátttöku þeirra í daglegum athöfnum og gott samstarf við foreldra, sem undirstrikar heildræna sýn á uppeldi og menntun. Leikurinn er greinilega í forgrunni og vel kemur fram hvernig daglegt starf fléttast inn í markmið Aðalnámskrár leikskóla.

Stefnan er skýr hvað varðar hugmyndafræði John Dewey og þær áherslur sem Aðalnámskrá leikskóla leggur til grundvallar. Sem foreldrar finnum við að námskráin endurspeglar hlýju, fagmennsku og skýra sýn á starf þar sem velferð barna, félagsfærni og trú á eigin getu eru í forgrunni.

Foreldraráð samþykkir skólanámskrá LFA eins og hún er.

Sonja Pálsdóttir
Sonja Pálsdóttir

Kristín Anna Erlingsdóttir
Kristín Anna Erlingsdóttir

Karen Ösp Birgisdóttir
Karen Ösp Birgisdóttir

María Ósk Felixdóttir
María Ósk Felixdóttir

Aldís Gróa Sigurðardóttir
Aldís Gróa Sigurðardóttir

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2023. (Reykjavík), Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Arendt, Hannah. (1954) The crisis in Education. *Between past and future: Eight exercises in political thought*. (bls 173-196).

https://thi.ucsc.edu/wpcontent/uploads/2016/09/ArendtCrisis_In_Education-1954.pdf

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna (e.d.).

Um Barnasáttmálann (e.d.). *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*
[Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#)

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Dewey, John. 2010. John Dewey í hugsun og verki Menntun, reynsla og lýðræði. Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (Ritstj.), Sannfæring mín um menntun. Gunnar Ragnarsson (Þýð.). Reykjavík. Háskólaútgáfan.

Gestur Guðmundsson. 2008. Félagsfræði menntunar. Reykjavík, Skrudda.

Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi. Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (ritstj.). Þátttaka barna. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Reglugerð um starfsumhverfi nr. 655/2009

